



# ALPJÓÐLEG ÖRYGGISSTEFNA

Stefna þessi á við um Alcoa um allan heim og öll dótturfyrirtæki þess, hlutdeildarfélög, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „fyrirtækið“) og alla stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins.

Alcoa hefur einsett sér að standa vörð um mannauð fyrirtækisins, þekkingu þess, fjármuni og eignir með því að veita öruggt vinnu- og ferðaumhverfi og draga úr uppljóstrunaráhættu og ógnun gagnvart starfsmönnum, eignum og orðspori fyrirtækisins.

## Skilgreiningar:

- Eignir – allar ápreifanlegar og óápreifanlegar eignir fyrirtækisins, þ.m.t. fasteignir þess.
- Fasteignir – allar skrifstofur, framleiðsluvæði, vöruhús og önnur efnisleg aðstaða sem fyrirtækið eða dótturfyrirtæki þess nota, þ.m.t., án takmarkana, öll bílastæði.
- Skotvopn – skammbýssa, haglabýssa, rifill og sérhvert annað tól sem hægt er að skjóta úr með notkun sprengiefnis.
- Starfsmenn – allir starfsmenn fyrirtækisins.
- Vopn – skotvopn, vasahnífur, sérhver hnífur með blaði sem er 10 sm eða lengra, sprengiefni, sérhver hlutur sem hægt væri að nota til þess að skaða eða hræða aðra og hver annar hlutur sem er gerður eða notaður í þeim tilgangi að valda líkamlegum eða tilfinningalegum skaða.

## Kröfur:

Allir starfsmenn skulu vernda eignir fyrirtækisins gagnvart tapi, skemmdum eða misnotkun og stuðla að öruggu vinnu- og ferðaumhverfi fyrir starfslið þess með því að fara eftir öryggisreglum fyrirtækisins sem er skipt í 6 aðalflokka:

- Líkamlegt öryggi
- Öryggi á ferðalögum
- Öryggisrannsóknir
- Áhættustjórnun (Crisis Management)
- Vinnustaður án ofbeldis
- Verndun æðstu stjórnenda
- Mannréttindi

Starfsmenn skulu stuðla að, leggja til og viðhafa skynsamlegar öryggisráðstafanir í samræmi við ábendingar sem alþjóðlegt öryggisteymi Alcoa miðlar annað slagið og skulu fara eftir (og hvetja aðra starfsmenn til þess að fara eftir) viðeigandi öryggisleiðbeiningum, -reglum, -ferlum og -áætlunum.

**Líkamlegt öryggi.** Starfsmönnum er bannað að sneiða framhjá eða brjóta gegn uppsettum aðgangsstýringum, yfirgefa fasteignir, svæði eða eignir án þess að tryggja öryggi þeirra, lána öryggisskilríki eða lykla til annarra einstaklinga sem eru ekki með heimild til þess að nota slík öryggisskilríki eða lykla eða á annan hátt veita óheimilum einstaklingum aðgang að fasteignum eða eigum fyrirtækisins. Sjá alþjóðlega stefnu um stjórnun á öryggisaðgangi og alþjóðlegan staðal Alcoa um efnislegt öryggi (Global Physical Security Standard) 4.1.3.

**Öryggi á ferðalögum.** Starfsmenn skulu bóka öll viðskiptatengd ferðalög með því að nota rafræn bókunarkerfi sem Alcoa hefur viðurkennt (t.d. Concur, Amex, o.s.frv.) eða ferðaskrifstofu. Starfsmenn sem hyggjast ferðast til svæða sem teljast áhættusvæði samkvæmt ferðaöryggisáætlun Alcoa þurfa að fara yfir



# ALPJÓÐLEG ÖRYGGISSTEFNA

með yfirmanni sínum þær reglur sem alþjóðlegt öryggisteymi Alcoa (Alcoa Global Security) hefur sett til þess að draga úr hættu tengdri ferðalögum og fá leyfi áður en þeir hefja ferðalag frá bæði alþjóðlegu öryggisteymi Alcoa og framkvæmsdastjórn á sinni starfsstöð. Alþjóðlegt öryggisteymi Alcoa, í samvinnu við ferðateymi (T&E) og heilsuverndarstjóra Alcoa (þar sem við á) mun veita ráðgjöf um tímabundið bann eða aðrar takmarkanir sem gilda á hverjum tíma vegna ferðalaga til ákveðinna landa, svæða og/eða með sérstökum flutningsaðila ef ferðalagið er metið þannig að það hafi of mikla hættu í för með sér til þess að tryggja öryggi allra starfsmanna Alcoa á ferðalögum.

**Öryggisrannsóknir.** Alþjóðlegt öryggisteymi Alcoa skal stýra eða samræma rannsóknir á öryggisatvikum, þ.m.t. hótunum gegn starfsmönnum eða eignum eða aðrar glæpsamlegar aðgerðir eftir því sem þörf krefur og mun endurskoða og fylgjast með brotum á öryggisreglum til þess að greina veikleika í öryggismálum og tryggja að fyrirtækið grípi til aðgerða til þess að bæta úr þeim. Alþjóðlegt öryggisteymi Alcoa skal aðstoða við rannsóknir á vegum lögfræðiteymis, siðareglu- og reglufylgniteymis, mannauðsteymis eða annarra deilda fyrirtækisins eftir því sem við á. Starfsmenn skulu veita aðstoð í einu og öllu varðandi rannsóknir fyrirtækisins á staðhæfingum um öryggisatvik og glæpsamlegt athæfi og veita heiðarleg og nákvæm svör.

**Áhættustjórnunaráætlun (Crisis Management Plan).** Áætlunin veitir helstu stjórnendum fyrirtækisins nákvæmt rammaskipulag fyrir ákvarðanatöku á tímum raunverulegs eða hugsanlegs hættuástands sem gæti valdið fyrirtækinu umtalsverðum skaða. Sjá stefnu um tilkynningu hættuástands.

**Vinnustaður án ofbeldis og bann við vopnaburði.** Fyrirtækið stendur fyrir og styður af öllum mætti vinnustað þar sem ofbeldi, hótanir og þvinganir eru ekki liðin, og hefur einsett sér að setja umsvifalaust af stað rannsókn ef grunur vaknar um nokkuð slíkt atferli. Allar hótanir um ofbeldi, duldar eða beinar, þ.m.t. þvinganir, eru stranglega bannaðar. Í tengslum við þá stefnu að bjóða upp á ofbeldislausan vinnustað, og svo framarlega sem lög leyfa, setur fyrirtækið strangt bann við að hafa undir höndum, nota eða flytja vopn á starfsstöðvum fyrirtækisins og/eða þegar stunduð eru viðskipti fyrir hönd þess. Bann þetta, með þeirri undantekningu að það sé óheimilt samkvæmt lögum, á við starfsmenn sem sinna vinnu sinni hjá fyrirtækinu, hvort sem það á starfsstöð þess eða annars staðar, og í öllum farartækjum fyrirtækisins, hvort sem þau eru leigð eða í eigu fyrirtækisins, (þ.m.t. einkabílar sem notaðir eru í þágu fyrirtækisins)

**Verndun æðstu stjórnenda.** Alþjóðlegt öryggisteymi Alcoa sér um vernd á æðstu stjórnendum Alcoa til þess að tryggja flutning þeirra, gistingu og persónulega vernd, eftir því sem við á.

**Mannréttindi.** Fyrirtækið hefur skuldbundið sig til að fylgja stefnum og verklagi sem stuðla að mannréttindum hvarvetna þar sem það starfar. Fyrirtækið skal standa vörð um mannréttindi allra sem eiga í samskiptum við bæði einkarekna og opinberar öryggissveitir sem fyrirtækið hefur á að skipa eða eru kallaðar til.